



Umhverfisstefna umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar


Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs miða að því að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Einnig að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavini sviðsins.

Umhverfis- og skipulagssvið vill vera leiðtogi í umhverfismálum og styrkja aðra starfsemi Reykjavíkurborgar, íbúa og fyrirtæki í átt til sjálfbærni.

Umhverfis- og skipulagssvið ætlar að:

1. Vinna að því að loft- og vatnsgæði í Reykjavík verði til fyrirmyndar á heimsvísu.
2. Efla hringrásarhagkerfið, draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurvinnslu.
3. Tryggja gott aðgengi íbúa að vistvænum, grænum, hreinum, fallegum og öruggum svæðum.
4. Vernda líffræðilega fjölbreytni, þjónustu vistkerfa, gegndræpi yfirborðs og tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
5. Miðla, fræða og hvetja til upplýstrar umræðu og þátttöku um umhverfis- og skipulagsmál til að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni.
6. Styðja við orkusparnað og orkunýtni bygginga og styðja við orkuskipti í samgöngum.
7. Gera kröfur í innkaupum og útboðum um að boðið sé upp á vistvænar vörur, þjónustu, framkvæmdir og ráðgjöf með hringrásarhagkerfið í huga.
8. Vinna að loftslagsmarkmiði Reykjavíkurborgar um kolefnishlutleysi árið 2040 í eigin rekstri og með starfsfólki, íbúum, fyrirtækjum og ríkisstjórn í átt að kolefnishlutláusu samfélagi.
9. Uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum er varða umhverfismál starfseminnar og gera betur eins og kostur er.
10. Mæla árangur umhverfisstefnunnar og vinna markvisst að umbótum.

Reykjavík,


27 jan 2020

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstýra umhverfis- og skipulagssviðs